

## GJALDSKRÁ

### fyrir byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld hjá Grundarfjarðarbæ.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

#### 2. gr.

##### *Byggingarleyfisgjald.*

Fyrir byggingarleyfi skv. 9. gr. sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, skal greiða gjöld sem hér segir:

- a. Af öllum nýbyggingum í Grundarfjarðarbæ skal greiða byggingarleyfisgjald 149.577 kr. og að auki skal greiða 149 kr. fyrir hvern fermetra byggingarinnar. Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar lóðar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.  
Haugkjallarar eru ekki reiknaðir með í fermetrastærð.  
Byggingar skv. lið d. eiga ekki við þessa grein.
- b. Fyrir byggingarleyfi vegna stækkunar á eldra húsnæði skal greiða bæjarsjóði 281 kr. fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar.
- c. Fyrir breytingar á húsnæði eða notkun þess, fyrir að rífa hús eða önnur mannvirki, gerð bifreiðastæða eða önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, skal greiða bæjarsjóði 10.400 kr.
- d. Fyrir byggingar aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum búskap og eru utan þéttbýlis skal greiða 562 kr. fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar. Til þessara bygginga teljast m.a. sumar-bústaðir, orlofsíbúðir, veiðihús, fjallaskálar, skíðaskálar o.fl.
- e. Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það 10.400 kr.

#### 3. gr.

##### *Þjónustugjöld.*

Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010:

	kr.
Afgreiðslugjald	10.171
Endurskoðun aðaluppdráttu	11.457
Áfangauttekt/stöðuúttekt, skýrsla	29.501
Úttekt vegna meistaraskipta	29.501
Úttekt vegna byggingarstjórnaskipta	29.501
Úttekt vegna rekstrarleyfis	29.501
Húsaleiguúttektir á íbúðarhúsnæði	29.501
Húsaleiguúttektir á atvinnuhúsnæði	41.301
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi	27.710
Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fastanúmer umfram 5	3.819
Tímabundin stöðuleyfi með byggingarleyfi	23.486
Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar, óendurkræft	23.138
Grenndarkynning, minniháttar	17.533
Grenndarkynning, umfangsmikil	51.712

	kr.
Breyting og gerð á nýjum lóðarleigusamningi	31.815
Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	18.050
Aukaúttekt	10.400
Aukamæling á útsetningu húss	51.859
Tímabundið stöðuleyfi, án byggingarleyfis, 1-5 mán.	35.230
Tímabundið stöðuleyfi, án byggingarleyfis, 6-12 mán.	70.460

## 4. gr.

*Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.*

Fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu samkvæmt 13. gr., sbr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:

	kr.
Afgreiðslugjald vegna framkvæmdaleyfisumsóknar	10.171
Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar	10.171
Lágmarksgjald framkvæmdaleyfis	37.599
Umsýslugjald vegna aðalskipulagsbreytinga	51.106
Umsýslugjald vegna annarra skipulagsmála	39.874

Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.

Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.

Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum, er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

Þeirri meginreglu skal fylgt að sæki aðili um lóð eða byggingarleyfi sem hefur í för með sér breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi, skal umsækjandi greiða þann kostnað sem hún hefur í för með sér þ.m.t. kostnað vegna uppdráttar og auglýsinga. Víkja má frá þessari reglu ef viðkomandi skipulag er til endurskoðunar eða þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað.

## 5. gr.

*Gjalddagi, lögveð.*

Gjalddagi afgreiðslugjalda er við afgreiðslu umsókna.

Gjalddagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.

Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.

Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.

Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

6. gr.  
*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar í samræmi við heimild í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 191/2012.

*Grundarfirði, 14. desember 2012.*

**Björn Steinar Pálmason** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2013